



6.7.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2018 og 722/2018  
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Sorpgeymslur og sorpflokkun

Í grein 6.12.6 í byggingarreglugerð segir:

„Í eða við allar byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps.

Sorpgeymslur geta ýmist verið innbyggðar í byggingu, í tengslum við hana, neðanjarðar eða sem sorpgerði/-skýli. Sorplausnir utan lóða eru háðar samþykki leyfisveitanda.

Fjöldi og gerð sorpíláta við íbúðarhúsnæði fer eftir kröfum viðkomandi sveitarfélags.

Hindrunarlaus hæð fyrir sorpílát skal vera minnst 1,40 m.

Fyrir aðrar byggingar en íbúðarhús skal meta stærð og fjölda sorpíláta og sorpgeymslna út frá starfsemi og kröfum viðkomandi sveitarfélags.


Þar sem talin er þörf á sorpgámum, skal staðsetning, stærð og frágangur þeirra sýndur á aðaluppdráttum.

Ekki er heimilt að hafa sorpennur í byggingum.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

## Leiðbeiningar

Í 4. mgr. 6.12.6 gr. segir: „Hindrunarlaus hæð fyrir sorpílát skal vera minnst 1,40 m.



Mynd 1. Dæmi um sorpgeymslu. Öll mál í mm